



Formannafundur haldinn 14. febrúar 2005 kl.20:00 að Hringbraut 108.

Mættir:

Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, og Bjarney frá aðalstjórn. Klemenz (sund), Sesselja (badminton), Ella Magga og Jónína (fíml.), Rúnar (knattsp.), og Þóra (taekwondo).

Formaður félagsins bauð menn velkomna fyrsta formannafund á starfstímabilinu.

1. Stutt yfirlit um starfsemi deilda og aðalstjórnar.

Rúnar (knattspyrna) skýrði frá starfsemi knattspyrnudeildar, sagði frá því að búið væri að ráða Guðjón Þórðarson sem þjálfara meistaraflokks karla. Fjármál í þokkalegu horfi, en ekki mikið um lausafé. Æfingar komnar á fullt. Barna og unglingráð að störfum og gott gengi í yngri flokkum og penigastað þeirra góð. Kvinnaknattspyrnan hefur fengið liðstyrk.

Sesselja (badminton) er bjartsýn með nýráðin þjálfara, en samið var við hann til þriggja ára. Iðkendum hefur farið fækkandi en við komu nýs þjálfara sjá menn að dæmið gæti snúist við. Fjármál í góðu lagi.

Ella Magga (fímleikar) skýrði frá starfsemi fimleikadeildar, starfsemin er í fullum gangi. Nýir þjálfarar hafa verið ráðnir og fjölgun á iðkendum. Fjármál í góðu lagi og mjög bjart yfir deildinni.

Þóra (taekwondo) sagði frá því að ný stjórn hefði verið kjörin á síðasta aðalfundi. Búið væri að ráða tvo þjálfara til starfa. Stjórnin hefur verið að virkja foreldra til að koma að starfsemi deildarinnar. Fjölgun í deildinni í yngri hópum.

Klemenz (sund) skýrði frá starfsemi sunddeildar, um 210 – 220 iðkendum eru að æfa sund. Skiptin á milli félaga er 80% Keflavík og 20% Njarðvík. Sömu þjálfarar eru við störf hjá eldri krökkunum. Nýr þjálfari hjá yngstu krökkunum. Fjármál í góðu lagi. Deildin hefur sett á laggirnar afreksmannasjóð til styrktar iðkendum sem taka þátt í mótum erlendis. Sótt hefur verið um að halda AMÍ 2006.

Einar skýrði frá starfsemi aðalstjórnar, framundan er aðalfundur félagsins en hann er 21. febrúar kl. 20:00 og er haldinn í félagsheimili félagsins. Verkefni eru samkvæmt venju þ.e. 17. júní hátíðarhöld, íþrótt- og leikjaskóli, fréttabréf og jólablaðið. Farið var á Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ. Góð þátttaka og góður árangur okkar fólks. Laun reiknuð á skrifstofu félagsins og fært bókhald nokkrar deilda. Deildir geta komið með sín mál á stjórnarfundi aðalstjórnar.

2. Skipting stjórnar deilda.

Einar minnti fulltrúa deilda á að gera skil á þeim stjórnarmönnum sem nú eru starfandi í deildum þ.e. stöðu, nafni, heimilisfangi, símanúmerum.



Formannafundur haldinn 14. febrúar 2005 kl.20:00 að Hringbraut 108.

3. Félagssvæði Keflavíkur.

Einar skýrði frá því að kynnt hefði verið nýtt svæði fyrir félagið við Reykjaneshöllina Keflavík verður með sitt svæði sér og Njarðvík sitt sér. Sameiginlegur keppnisvöllur verður tengdur við Reykjaneshöllina og er hugmyndir að hann verið tilbúinn 2007 eða 2008. Félagssvæði Keflavíkur verður áfram á Hringbrautinni. Aukið æfingarsvæði fyrir aftan Reykjaneshöllina er hugsað til að taka við gamla Iðavallarsvæðinu. Einnig hefur verið í umræðunni að byggja nýja félagsaðstöðu ofan á búningsklefana á íþróttarhúsinu við Sunnubraut. Stærð þess er ca. 400 fermetrar.

4. Felix félagskerfi ÍSÍ og UMFÍ.

Einar kynnti að hluta kerfið og lagði drög að því að fá fólk úr deildum til að kynna sér það. Verið er að bjóða kerfið (Felix) deildum að kostnaðar lausu.

5. Önnur mál.

Einar kynnti þær reglur sem eru í gildi varðandi útdeilingu á viðurkenningum brons-, silfur- og gullmerki félagsins og sagði frá hverjir myndu hljóta þessar viðurkenningar. Einar hvatti formenn deilda til að boð viðkomandi aðila að mæta á aðalfund til að taka við viðurkenningu sinni. Einar sagði frá Unglingalandsmóti UMFÍ um verslunarammahelgi 29. – 31. júlí í Vík í Mýrdal og hvatti deildir til að senda þátttakendur á mótið. Mótin hafa farið vaxandi að þátttöku og þættu mjög skemmtileg mót. Ákveðið að uppfæra Kela Keflavíking. Einar þakkaði fyrir hlý og góð orð til handa aðalstjórnar. Einar þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.

Fleira ekki gert fundi slitið kl:22:00

